

## Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

*Tilskipun um viðauka við tilskipun 28. septbr. 1899 um neyðarbendingar, er viðhafa skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 20. marz 1901 (A. nr. 4, bls. 6—7).*

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til 39 fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1901.** Samkvæmt allraþegnsamlegust- 4. maí um tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 30. f. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1901 sju ákveðin 2000 kr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun kon- 40 ungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting og viðauka við 18. desbr. tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apr. 1872.** — Með brjefi, (1900) dagsettu 28. janúar f. á., senduð þjer, herra landshöfðingi, ráðaneytinu lagafrumvarp, er samið hafði bæjarstjórnin í Reykjavík, um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, og var markmið frumvarpsins að rýmka um vald bæjarstjórnarinnar í ýmsum málum, einkum heilbrigðismálum, byggingarmálum og hafnarmálum, sem voru talin of mjög undanskilin úrskurðarvaldi bæjarstjórnarinnar. Þessari málaleitun svaraði ráðaneytið í brjefi til yðar 19. apríl s. á. þannig, að það eigi fyndi næga ástæðu til að leggja þannig lagað lagafrumvarp fyrir alþingi. Sumpart gat ráðaneytið nefnilega ekki aðhyllzt sköðun þá, er frumvarpið samkvæmt áður nefndu brjefi yðar var byggt á, að vald bæjarstjórnarinnar í Reykjavík eptir hinum gildandi ákvæðum væri í reyndinni minna í bæjarmálum en vald bæjarstjórna í hinum dönsku kaupstöðum samkvæmt lögum 26. maí 1868 um stjórn bæjarmála, sumpart varð ráðaneytið að vera þeirrar sköðunar, að meðferð hinna umræddu mála eptir frumvarpinu væri eigi samkvæm eðli þeirra, með því að hjer væri, að minnsta kosti að nokkru leyti, eigi aðeins um bein bæjarmálefni að ræða, heldur og um mál, er ættu að heyra undir úrskurð valdstjórnarinnar.

Í brjefi, dagsettu 24. október f. á., hafid þjer svo skýrt frá því, að eptir að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði verið birt nefnt brjef ráðaneytisins, hafi hún samt haldið fast fram ósk sinni um að fá framgengt hinum umgetnu breytingum á hinni gildandi löggjöf,—en breytingar þessar telur bæjarstjórnin að sumu leyti allsendis nauðsynlegar, — og komið því til vegar, að lagafrumvarp, svo að segja samhljóða hinu framannefnda, var borið upp á alþingi af þingmanna hálfu. Lagafrumvarp þetta, sem alþingi samþykkti, hafid þjer sent hingað til úrslita.

14. dag júnímánaðar 1901.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.